

**Nd.**

**275. Tillaga**

til þingsályktunar um uppbót til starfsmanna ríkisins.

Flutningsm.: Magnús Jónsson, Ásgeir Ásgeirsson, Jakob Möller.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að greiða opinberum starfsmönnum, sem dýrtíðaruppbót fá úr ríkissjóði, dýrtíðaruppbót frá 1. jan. 1927, er nemi 66% af öllum þeim launum, sem dýrtíðaruppbót er reiknuð af.

*Til vara:*

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að greiða opinberum starfsmönnum, sem dýrtíðaruppbót fá úr ríkissjóði, uppbót, er nemi 200 krónum með hverju barni, sem er á þeirra framfæri. Uppbót þessi reiknast frá 1. jan. 1927.

**Greinargerð.**

Dýrtíðaruppbót opinberra starfsmanna er nú orðin svo lág og ósanngjörn, að ekki er hægt við að una. En með því að endurskoðun á launalögum á að fara fram á næsta Alþingi þykir ekki heppilegt að fara nú fram á beina breyting á þeim lögum, heldur virðist mega nægja að fela ríkisstjórninni það með ályktun þingsins að bæta úr þessu á þessu ári. Annars koma ástæður fyrir máli þessu vel fram í brjefi því frá sambandi starfsmanna ríkisins, sem hjer er birt sem fylgiskjal.

**Fylgiskjal.**

**SAMBAND EMBÆTTISMANNA  
OG STARFSMANNA RÍKISINS.**

Reykjavík, 10. febr. 1927.

Á almennum fundi embættismanna og starfsmanna ríkisins, er haldinn var í Reykjavík 15. des. f. á., voru samþykktar eftirfarandi tillögur:

*Áðaltillagan*, er samþykkt var í einu hljóði, var sú að fara þess á leit við þing og stjórn, að *dýrtíðaruppbót yrði þegar frá ársbyrjun 1927 reiknuð af öllum laununum.*

*En til vara:*

- a. að reyna að fá ómagauppbót.
- b. að fá staðaruppbót fyrir Reykjavík.

Þá voru enn fremur samþykktar tvær tillögur, er koma skyldu til greina, þá er launalögin yrðu endurskoðuð:

- c. að fá dýrtíðarupphótinni breytt, ef henni yrði haldið áfram, þannig og til greina kæmi húsaleiga, ljós, hiti, fatnaður, skattar o. fl.
- d. að dýrtíðarupphót yrði reiknuð út oftar en einu sinni á ári.

Því næst voru tillögur þessar bornar upp í einstökum deildum Sambandsins, fjelagi skóla- og safnamanna, prestafjelaginu, fjelagi lögfræðinga og hagfræðinga, póstmannafjelaginu og fjelagi símamanna og samþykktar undantekningalítið, en allar deildir Sambandsins voru samhuga um að skora á fulltrúaráðið og framkvæmdanefnd þess að halda aðaltillögunni fram við þing og stjórn, að reyna nú þegar að fá upphót á öllum laununum frá byrjun þessa árs.

Nú hafði formaður framkvæmdanefndar þegar leitað ásjár stjórnarinnar um launamálið, undireins og uppvist varð í októbermánuði síðastliðnum, að verðstuðulsupphótin fjelli úr 67<sup>1</sup>/<sub>3</sub>% niður í 44<sup>0</sup>/<sub>100</sub>, en fjekk þá það svar frá forsætisráðherra, að þetta mál yrði að biðja, þangað til þing kæmi saman og skyldi framkvæmdanefndin þá leita til þingnefndanna um það.

Nú er þing komið saman og fastanefndir kosnar. Leyfum vjer oss því nú að snúa oss til fjárveitinganefnda og fjárhagsnefnda beggja deilda um það að líta nú á nauðsyn vora, embættismanna og starfsmanna ríkisins.

Dýrtíðarupphót flestra vor hefir nú um áramótin verið feld niður um allt að 1000 kr. fyrir hvern starfsmann, eða úr 67<sup>1</sup>/<sub>3</sub>% niður í 44<sup>0</sup>/<sub>100</sub>, sakir þess, að reiknað hefir verið eftir hinum gamla matvörugrundvelli, þótt aðrar lífsnauðsynjar manna, eins og t. d. kolin, hafi frekar hækkað en lækkað, og þótt búreikningsvísitala Hagstofunnar sýni, að vjer ættum að rjettu lagi að fá sem svarar fullri upphót á öllum laununum, 65<sup>1</sup>/<sub>3</sub>% eða jafnvel meira.

Hin upprunalega ástæða til þess að veita að eins dýrtíðarupphót á <sup>2</sup>/<sub>3</sub> launanna ng reikna bana út eftir matvöruverði var sú, að þegar launalögin voru samþykkt, þótti handhægast að reikna hana út eftir hækkun og lækkun matvæla. En á þessu tímabili höfðu einmitt matvörur hækkað meira í verði en aðrar vörur, svo að þá samsvaraði það nokkurn veginn fullri dýrtíðarupphót, ef veitt var upphót á <sup>2</sup>/<sub>3</sub> launanna. Þetta má sjá í Alþingistiðindum 1919, A. I. Fskj. II. við þingskj. 26, sjerstaklega á bls. 298. Nú er þessi ástæða, að matvörur hafi hækkað meira í verði frá stríðsbyrjun en aðrar vörur, burtu fallin og meira en það. Eftir búreikningstölu Hagstofunnar í október 1926 er nefnilega vísitalan fyrir matvöru að eins 236, en fyrir aðrar vörur 258 og meðaltal af hvorutveggja 247.

Ef veitt væri dýrtíðarupphót af öllum laununum, þá ættum vjer nú að fá 66% í stað 44%. En ef farið væri eftir búreikningsvísitölu Hagstofunnar í október f. á., þá ættum vjer að fá 65<sup>1</sup>/<sub>3</sub>% eða sem næst fullri dýrtíðarupphót af öllum laununum — skeikar að eins um <sup>2</sup>/<sub>3</sub>%, sem á vantar í fulla dýrtíðarupphót. — Búreikningstala Hagstofunnar var nefnilega, eins og þegar er tekið fram, í okt. 1926 247. Ef gengið er út frá 125 í stað 100, eins og þingið ætlast til um embættislaun, þá yrði þessi vísitala 198 og upphótin 98%, ef miðað væri við öll laun, en 65<sup>1</sup>/<sub>3</sub>%, ef miðað er við <sup>2</sup>/<sub>3</sub> launanna. En nú er vitanlega búreikn-

ingsvisitala Hagstofunnar of lág, því að húsaleiga er þar áætluð eftir byggingarkostnaði, en samsvarar ekki raunverulegri húsaleigu í Reykjavík. Samkvæmt henni ætti búreikningstalan að vera 275 í stað 247.

Þetta sýnir nú best sanngirnina í kröfum vorum, að ekki skuli skeika nema um  $\frac{2}{3}\%$  frá búreikningsvísitölu Hagstofunnar, þótt vjer fengjum uppbót á öllum launum vorum. Því eftir búreikningsvísitölunni fengjum vjer  $65\frac{1}{3}\%$  — sem þó er of lágt reiknað — í stað  $66\%$ , sem oss að rjettu lagi ber að fá.

Vjer höfum ástæðu til að ætla, að landsstjórnin líti líkt á þetta mál og vjer, af því að hún hefir fyrir sitt leyti samþykkt, að uppbót á launum aðalgjaldkera og aðalbókara Landsbankans skuli þetta ár vera  $65\%$ , eins og annara starfsmanna bankans. En ef svo er með starfsmenn Landsbankans, stofnunar, sem ríkið á, þá er engin sanngirni í því, að allir aðrir embættismenn og starfsmenn ríkisins sjeu settir á neðsta þrep launastigans og fá ekki nema  $44\%$ .

Vjer leyfum oss því fyrir hönd Sambands embættismanna og starfsmanna ríkisins að fara þess á leit við þing og stjórn :

1. að oss verði veitt *full dýrtíðaruppbót af öllum launum vorum fyrir yfirstandandi ár eða  $66\%$ .*
2. til vara, að oss verði veitt uppbót eftir búreikningsvísitölu Hagstofunnar í okt. 1926 eða  $65\frac{1}{3}\%$ , miðað við  $\frac{2}{3}$  launanna.

Aðrar kröfur höfum vjer ekki ástæðu til að gera að svo stöddu, hvorki um ómagauppbót nje staðaruppbót fyrir Reykjavík, sem bæði mundi valda miklum útreikningum og ef til vill þykja órjettlát. En vjer áskiljum oss að mega koma fram með ýmsar aðrar tillögur um það bil, sem launalögin í heild sinni verða endurskoðuð, sbr. brjef vort til stjórnarinnar, dags. 10. apríl f. á.

Framkvæmdanefnd Sambands embættismanna og starfsmanna ríkisins

Virðingarfylst.

Agúst H. Bjarnason. Skúli Skúlason. Gísli Bjarnason. Guðm. Bergsson.  
S. Dahlmann.

Til Alþingis.